



LEB

Landssamband eldri borgara

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

20. nóvember 2020

Efni: Umsögn Landsambands eldri borgara - LEB er varðar þingsályktunartillögu um erfðarétt á lífeyrissparnaði, mál 54.

Margir forsvarsmenn LEB hafa á umliðnum árum og áratugum verið tengdir stofnun og þróun lífeyrissjóðanna á margan hátt. Því liggur mikil þekking fyrir á málaflokknum.

Allir lífeyrissjóðir þurfa árlega að gera tryggingafræðilega úttekt og þar er metið hvort viðkomandi sjóður á fyrir lífeyrisskuldbindingum sínum gagnvart sjóðfélögum.

Þar liggur ljóst fyrir grundvöllur lífeyrisgreiðslna til sjóðfélaga. Staða lífeyrissjóðanna gefur því ekki svigrúm til annarra réttinda en lög þeirra kveða á um.

Í samtryggingarsjóðum eru alveg skýrar reglur um markmið þeirra og tilgang og eftir þeim er unnið.

Meðal þeirra sjóða sem Ísland hefur verið borið saman við eru íslenskir lífeyrissjóðir meðal þeirra bestu.

Íslenskt þjóðarþú gæti ekki verið án sjóðanna þar sem þeir greiða yfir 60% af lífeyri eldra fólks.

Það er því ljóst að mati LEB að ekki er hægt að taka upp erfðarétt í samtryggingu miðað við þau lög og reglur sem lífeyrissjóðir starfa eftir, enda er um réttindi að ræða en ekki eign viðkomandi sjóðfélaga.

Virðingarfyllt
f.h. LEB

Þórunn Sveinbjörnsdóttir
Formaður